

# ÍBÚAFUNDUR

7. apríl 2024

Dagskrá:

1. Kosning um hvort breyta eigi nafni Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Framkvæmdir framundan

Framtíðarhorfur sveitarfélagsins

*Haraldur Þór Jónsson, sveitarstjóri/oddviti*

2. Fyrirhuguð uppbygging Landnýtingar

*Óttarr Makuch, framkvæmdastjóri Landnýtingar*

# Kosning um hvort breyta eigi nafni Skeiða- og Gnúpverjahrepps

- Frá sveitarstjórnarfundum þann 10. janúar 2024.

## 2. Nýtt nafn á Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Að mati sveitarstjóra er mikilvægt að breyta nafni sveitarfélagsins þar sem nýtt nafn beri sterkari tengingu til staðsetningar á Íslandi, sé þjálfa í notkun og gegni mikilvægu hlutverki í því að skapa ímynd sveitarfélagsins til framtíðar. Að því gefnu leggur sveitarstjóri til að kosið verði um hvort halda eigi núverandi nafni Skeiða- og Gnúpverjahrepps eða hvort breyta eigi nafni sveitarfélagsins. Kosið verði samhliða forsetakosningum 1. júní 2024.

***Sveitarstjórn telur mikilvæg að góð umræða fari fram um mögulega nafnabreytingu og forsendu hennar. Sveitarstjóra er falið að boða til íbúafundar í mars þar sem málið verði kynnt og rætt. Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir með fjórum atkvæðum að kjósa um hvort breyta eigi nafni sveitarfélagsins og hvert nýtt nafn á að verða samhliða forsetakosningum 1. júní 2024. Gunnar Örn Marteinson situr hjá afgreiðslu tillögunnar og leggur fram eftirfarandi bókun:***

“Ég sé ekki ástæðu til að breyta um nafn á sveitarfélaginu, verði farið í þá vegferð tel ég að óska eigi eftir hugmyndum að nafni og síðan verði valdar tvær eða þrjár hugmyndir og kosið um þær.”

- Íbúar Skeiðahrepps og Gnúpverjahrepps samþykktu í kosningu vorið 2002 að sameinast.
- Skeiða- og Gnúpverjahreppur tók til starfa 9. júní 2002 og var fyrsti fundur sveitarstjórnar haldinn 11. júní 2002.
- Fjórða mál á dagskrá fundarins var nafn á hið nýja sveitarfélag og var bókun fundarins eftirfarandi:
  - Tillaga sameiningarnefndar til örnefnanefndar að nafni á sveitarfélagið var annars vegar Gnúpverja- og Skeiðahreppur og hinns vegar Skeiða- og Gnúpverjahreppur. Örnefnanefnd mælir með þeirri síðar nefndu.
  - Gunnar spurði um þær tillögur sem komu fram í sameiningarkosningum í Gnúpverjahreppi og taldi að ef betur hefði verið staðið að þessum málum strax í upphafi hefðu íbúar getað kosið um nafn á sveitarfélagið í sveitarstjórnarkosningunum í vor. Fleiri tillögur varðandi nafn komu ekki fram og telst því Skeiða- og Gnúpverjahreppur nafn hins nýja sveitarfélags.

- Íbúar Skeiða- og Gnúpverjahrepps voru 506 á þessum tíma.
- Hversu margir hérna í salnum voru íbúar árið 2002 ?
- Í dag eru íbúar orðnir rúmlega 600.

Okkur hefur fjölgað um 17% síðustu 22 ár.

Íbúum á Íslandi hefur fjölgað um 34% á sama tíma.

Hvernig byggjum við upp samfélag sem er eftirsóknarvert til búsetu og hefur getu til að byggja upp og reka sterka innviði og veita góða þjónustu ?


# Íbúafjöldi í Skeiða- og Gnúpverjahreppi

10 ára  
húsnæðisáætlun

Búrfell 2


Úr 500 í 650 niður í 550

Í dag



Ár	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025	2026	2027	2028	2029	2030	2031	2032	2033
Íbúar	506	520	529	521	528	536	515	517	495	498	496	520	498	509	586	646	568	554	560	570	565	591	650	730	850	920	1.000	1.090	1.190	1.290	1.400

# Íbúafjölgun og framkvæmdir næstu 5 árin



Ár	2023	2024	2025	2026	2027	2028
Íbúar	591	650	730	850	920	1.000

- Hafin er mikil uppbygging sem mun auka fjölbreytileika atvinnulífsins og fjölga störfum á svæðinu.
- Samfélög byggjast upp í kringum atvinnu. Ljóst er að okkar samfélag mun stækka á komandi árum. Við erum byrjuð að byggja upp sterkari innviði og höfum getu til að veita góða þjónustu til íbúa.
- Með auknum íbúafjölda og starfsemi fleiri fyrirtækja í sveitarfélaginu munu tekjustofnar sveitarfélagsins eflast verulega.
- Það er í okkar höndum að skapa öflugt samfélag til framtíðar og nýta tækifærin sem við stöndum frammi fyrir.
- **Þess vegna teljum við að nú sé rétti tíminn til að velja nýtt nafn á sveitarfélagið sem hluti af framtíðarsýn okkar samfélags.**

Hvaða nöfn gætu þá komið til greina ?



# Meginsjónarmið örnefnanefndar um nöfn sveitarfélaga

Meginsjónarmið örnefnanefndar um nöfn sveitarfélaga, 27. ágúst 1998

1. Athuga ber að hér er um að ræða opinbert stjórnsýsluheiti en nöfn landsvæða eða byggðarlaga, sem fyrir eru innan sveitarfélags eða í nágrenni þess, ættu hvorki að þurfa að breytast né leggjast af með tilkomu nýs stjórnsýsluheitis.
2. Fordrast skyldi að ný stjórnsýsluheiti geti útilokað, þrengt að eða raskað á annan hátt merkingu eða notkun rótgróinna heita sem tengjast svæðum eða byggðarlögum innan sveitarfélags, nágrennasveitarfélags eða héraðs.
3. „Nafn sveitarfélags skal samrýmast íslenskri málfræði og málvenju,“ segir í 4. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998. Stjórnsýsluheiti eru að jafnaði mynduð með hliðsjón af einhvers konar kerfi, ekki síst þannig að eftirliður sambærilegra heita sé ávallt eða oftast hinn sami og beri með sér um hvers konar stjórnsýslueiningu er að ræða. Slíkt kerfi er til hagræðis fyrir málnotendur og þeir átta sig betur á að um sé að ræða stjórnsýsluheiti.

Dæmi: Nöfnin Hraungerði og Gaulverjabær mynda með eftirliðnum -hreppur stjórnsýsluheitin Hraungerðishreppur og Gaulverjabæjarhreppur; nöfnin Akureyri og Hafnarfjörður mynda með eftirliðnum -bær stjórnsýsluheitin Akureyrarbær og Hafnarfjarðarbær o.s.frv.

Örnefnanefnd mælir með þessari aðferð enda hefur hún gefist vel í nöfnum stjórnsýslueininga hér á landi og erlendis (sbr. t.d. eftirliðinn kommune í Danmörku).

# Meginsjónarmið örnefnanefndar um nöfn sveitarfélaga

- A. Fyrri liður heitis á sveitarfélagi: Fyrri liður sé hefðbundið nafn eða nýtt nafn sem sérkennir svæðið eða hluta þess.
- B. Síðari liður heitis á sveitarfélagi:
  - B.1. Eftirliðurinn -hreppur sé hafður um öll dreifbýlissveitarfélög (enda þótt innan þeirra séu lítil þorp eða kaupún) en hann á þó einkum við þar sem meginhluti byggðar í sveitarfélagi er dreifbýli.
  - B.2. Eftirliðurinn -byggð sé hafður þar sem svo háttar til að í sveitarfélagi er í senn allnokkurt dreifbýli og eitt eða fleiri stór þéttbýlissvæði.
  - B.3. Eftirliðurinn -bær sé hafður um sveitarfélög þar sem byggðin er að mestu eitt samfelld stórt þéttbýlissvæði.
  - B.4. Eftirliðurinn -borg sé aðeins hafður um mjög stórt samfelld þéttbýlissvæði (t.a.m. á borð við hið samfellda þéttbýli á höfuðborgarsvæðinu).

Ef til er rótgróið örnefni um það svæði sem nýtt sveitarfélag tekur til og ekki þykir eiga við að nota einhvern þessara eftirliða (-hreppur, -byggð, -bær, -borg) kemur til álita að gera hinn nauðsynlega greinarmun á landsvæði og sveitarfélagi með því að bæta orðinu sveitarfélag framan við gamla heitið á byggðinni.

- \_\_\_\_\_ hreppur
- \_\_\_\_\_ byggð
- Sveitarfélagið \_\_\_\_\_
  
- Þjórsárhreppur
- Þjórsárbyggð
- Sveitarfélagið Þjórsársveit

Hvernig fer kosningin fram ?

- Ég vil(l) að nafni sveitarfélagsins verði breytt
  - Ég vil(l) að sveitarfélagið heiti áfram Skeiða- og Gnúpverjahreppur
- 

**Nýtt nafn á sveitarfélaginu skal verða (Kjósið eitt nafn)**

- \_\_\_\_\_hreppur
- \_\_\_\_\_byggð
- Sveitarfélagið \_\_\_\_\_

Tillögur að nýju nafni á sveitarfélagið  
berist til [skeidgnup@skeidgnup.is](mailto:skeidgnup@skeidgnup.is)  
fyrir mánudaginn 15. apríl

Sveitarstjórn mun taka ákvörðun á  
fundi sveitarstjórnar 17. apríl um  
hvaða nöfn verði á kjörseðlinum